

HEIMIR

II. ÁR.

WINNIPEG, JÚLÍ, 1905.

NR. 7.

Að vera maður.

Ágrip af raðu, fluttri í Unitarakerkjunnri í Winnipeg.

KÆRU VINIR:— Málefni það, sem vér vildum stuttlega íhuga í kvöld, er eitt þeirra margbrotnustu og erviðustu, sem heimurinn hefir bylt fyrir sér og leitast við að skilja nú í fjölda margar aldir.

Frá því maðurinn sjálfur fór fyrst að finna til afstöðu sinnar í heiminum, að hann væri hátt yfir dýrin hafin, hefir hann allt af verið að draga hinar og aðrar myndir, semja hinar og aðrar lýsingar, leggja fram hinar og aðrar kröfur um það, hvað það væri, að vera maður.

Spurningin er því gömul, og vér getum naumast búist við, að gjöra meira en færa fram nokkur þau svör, er menn hafa komið með, sem úrlausn gátunnar.

*

*

*

Frá því að menn fóru fyrst að færa hugsanir sínar í letur, fleyga þær á grjót, rita þær á leirspjöld, rista rúnir á tré, verður þessa hugtaks vart á undan öllu öðru. Fyrstu svörin eru mjög barnaleg og fávís eins og flest það, er frá fornöldinni kemur, og sýnir ljóslega, hve mönnum var greitt til svars um þá hluti jafnvel, er þeir þekktu sem næst ekkert, eins og enn er auðkenni þeirra, sem lítið þekkja, en er létt um að trúá.

Að vera maður, er að vera skapaður í mynd og líkingu guðs, sögðu hinir fornu Akkadar, er byggð áttu suður með Persalóa, og upp eftir þeim sögðu Babýlónar það, og eftir þeim Gyðingar eða Semítar almennt. En hvað það var, að vera skapaður í